

Stuðboltarnir
2. fundur
Nemendafulltrúaráð 4. – 6. bekkja
Fundur 14. nóvember 2018

1. Helga Fríður Garðarsdóttir bauð Stuðbolta velkomna á annan fund vetrarins og byrjuðum við á að rifja upp hvert hlutverk okkar er sem Stuðboltar. Fundurinn gekk vel og voru eftirfarandi mál á dagskrá:

2. Hvað finnst nemendum um að friðargangan sé hætt? Sakna þau þess að hafa viðburð sem þennan? Myndu þau vilja að eitthvað annað kæmi í staðinn og þá hvað?

Eftirfarandi hugmyndir og umræður komu fram:

- skiptar skoðanir – Sumir glaðir að hún sé hætt en aðrir leiðir
- Væri gaman að labba á Þorbjörn
- Hitta sinn vinabekk aftur, fá kakó og piparkökur og horfa á jólamynd
- Fara í vasaljósagöngu saman
- Horfa á mynd
- Leika í snjónum
- Hafa frjálsan dag
- Fara í fjöruferð

- Baka og skeyta piparkökur saman
- Fá að hitta leikskólabörn og gera eitthvað með þeim
- Hafa rafmagnslausan dag og nota vasaljós
- Fara út í ratleik með vasaljós
- Labba með vasaljós í Hópið og fara þar í leiki saman
- Fá að koma með snakk og gos
- Hafa stóran leikjadag í Hópinu
- Ratleikur um allan bæ
- Snjókarla / snjóhúsa keppni

3. Eru nemendur ánægðir með fyrirkomulag litlu jólanna eða hafa þau einhverjar hugmyndir um nýjungar:

Eftirfarandi hugmyndir og umræður komu fram:

- Sleppa því að dansa í kringum jólatréð
- Dansa stutt í kringum jólatréð, ekki meira en tuttugu mínútur
- Ánægja með litlujólin eins og þau eru

- Hafa tónlist í gangi meðan pakkarnir eru opnaðir
- Fara í fleiri leiki
- Fá jólasveina í heimsókn
- Horfa saman á jólamynd
- Hafa árganga saman í salnum
- Hafa jólabingó
- Ekki hafa skóla sama dag og litlu jólin eru haldin
- Væri gaman að fá tvo pakka
- Koma í jólalegum fötum, það er gaman

4. Önnur mál sem rædd voru um bættan skólabrag:

- Fá dekkjarólur
- Hafa aparólu og hafa hana hátt uppi
- Fá aftur kósýrólu og hækka hana
- Fá skipið aftur
- Hafa skólasund aðra hverja viku og hafa það kynjaskipt hjá öllum bekkjum
- Áhersla á að 4. bekkur fái tíma á vellinum þar sem aðrir bekkir eru ekki þar á sama tíma
- Fá Rugbyvöll
- Fá fleiri bjöllur á skólalóðina

- Fá fleiri sparkvelli eða hoppukastala
- Fá gras / gervigrasvöll í staðinn fyrir steypuvöllinn
- Fá niðurgrafin trampólín
- Oftar pizzur í matinn
- Frjálst nesti 1x í mánuði
- Hafa stofu inn í skólanum
- Taka blakvöllinn og fá skipið sem var
- Taka blakvöllinn og grillkofann og fá alvöru kröfuboltavöll eins og í Hópsskóla
- Setja upp fleiri leiktæki
- Taka steypurampana og setja eitthvað annað í staðinn
- Fá stærri hjólabrettapall
- Snúningsleiktæki (þar sem hægt er að hanga og sveiflast í hringi)
- Leyfa nemendum að koma með eigin bolta, sippubönd eða snú snú til að nota í frímínútum
- Nauðsynlegt að fá fleiri í gæsluna í frímínútur – þær labba alltaf saman og svo eru krakkarnir að meiða þegar þær sjá ekki til
- Fá fleiri rólur, þær eru oftast fullar og erfitt að komast að
- Rólurnar eru skakkar, það þarf að laga þær

- Biðja 6. bekk um að hætta að henda rólunum yfir slánna, þær verða of háar og þá komast hinir krakkarnir ekki upp í þær
- Hafa síma og tækja dag
- Fá leikskólabörnin meira inn í skólann til okkar, kannski einu sinni á ári eða einu sinni í mánuði, þannig að nemendur gætu lesið fyrir þau eða fönðrað með þeim
- Flott að vinaliðarnir eru komnir aftur
- Gaman í stærðfræði
- Gaman að fá að fara í tónlistaskólann
- Sleppa sundi
- Heyrist alltof lítið í bjöllunni þegar frímínúturnar eru búnar
- Fá fleiri regluspjöld á gangana
- Hvenær verður nýja leiktækið tilbúið
- Er hægt að fá ærslabelg?
- Kaupa fleiri heyrnatól fyrir nemendur

Fleira ekki gert, fundi slitið

Helga Friður Garðarsdóttir